

Síðara erindi íbúa á Völlum á Kjalarnesi, Reynis Kristinssonar, dags. 27. apríl, um umgengni um landið meðfram Leirvogsá að norðanverðu frá Esjumelum inn að Hrafnhólum.

Heil og sæl Sigrún

Meðfylgjandi eru myndir af landi Reykjavíkurborgar í Norðurgröf í Leirvogsárdal.

Eins og sést á þessu þá er ekki langt í verulega slæm mál á þessu svæði af völdum fjórhjóra og mótórhjóra.

Mig langar á næsta fundi að leggja fram eftirfarandi tillögu.

Íbúaráð Kjarlarness samþykkir að beina því til borgarráðs að Reykjavíkurborg geri samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um vörslu og uppgræðslu í landi Norðurgrafar.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg á meginhluta lands jarðarinnar Norðurgrafar.

Jörðinni fylgir veiðiréttur í Leirvogsá sem er leigður út.

Umferð hefur verið um dalinn í árhundruðir fyrst á hestum síðan einstöku jeppum tengt veiðinni því slóðinn var ekki fólksbílafær.

Nú er hinsvegar ferðaþjónusta á vegum Buggibíla og mótórhjól farin að aka þarna um jafnt á vegi sem utanvegar.

Landið þolir ekki þessa meðferð eins og sést á meðfylgjandi myndum.

Miðað við þann árangur sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur náð í uppgræðslu og vörslu í Heiðmörk væri fáum betur treystandi til þess að taka þetta landsvæði í fóstur, stöðva eyðleggjandi umferð og byggja þarna upp nýtt og skemmtilegt útivistarsvæði.

Reynir Kristinsson











